

þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á meðalgengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Seðlabankinn ákveður vexti af lánnum þessum svo og öll önnur lánskjör og skal tekið mið af lánskjörum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 70/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1979 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1979, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
 - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
 - b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu;
 - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;
 - d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1978 450 000 kr. og hjá hjónum 750 000 kr.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 3 450 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 600 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er.

Sjúkratryggingagjald skal álagt í heilum hundruðum króna þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkra-samlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.-4. t. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús H. Magnússon.***L Ö G**

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
bykki mínu:

1. gr.

Fjárhæðir 1. t. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977 skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1978:

1. Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reikn-aðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	297 000
Hjón	415 800

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1978.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.